

Fimmtudaginn 7. janúar 1993.

Nr. 449/1992. **Guðbrandur Jónsson og
Hjörleifur Jónsson.**
gegn
Landsbanka Íslands.

Kærumál. Gagnsök. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. desember 1992, sem barst Hæstarétti 23. sama mánaðar. Þeir krefjast þess, að frávísunarúrskurði héraðsdómara verði hrundið.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með tilvísun til forsendna hans.

Samkvæmt þessari niðurstöðu er rétt, að sóknaraðilar greiði varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Sóknaraðilar, Guðbrandur og Hjörleifur Jónssynir, greiði óskipt varnaraðila, Landsbanka Íslands, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 30. nóvember 1992.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 26. þ. m. að loknum málflutningi um frávísunarkröfu gagnstefnda, höfðaði Landsbanki Íslands, Langholtsútibú, Langholtsvegi 43, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. desember 1991, gegn Guðbrandi Jónssyni, Háteigsvegi 52, Reykjavík, og Hjörleifi Magnúsi Jónssyni, Ægisíðu 105, Reykjavík.

Kröfur aðalstefnanda eru, að aðalstefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 38.750,40 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 5. okt. 1990 til greiðsludags, til greiðslu banka-kostnaðar, 120 kr., og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu skv. gjald-skrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti skv. III. kafla

laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun. Enn fremur er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól og málskostnað tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta skv. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Aðalstefndu krefjast sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og málskostnaðar að skaðlausu.

Með gagnstefnu, þingfestri 2. nóv. 1992, gera gagnstefnendur eftirfarandi kröfur á hendur gagnstefnda:

a. að skuldabréf nr. 5163 verði tildæmt gagnstefnendum til eignar sem að fullu uppgert,

b. að gjaldþrotameðferð Landsbankans á hendur G. J. verði dæmd ólögmætt skaðaverk,

c. að innheimta á annars manns skuld verði dæmd ólögmæt,

d. að innheimtumál Landsbankans vegna skuldabréfs nr. 5163 verði dæmd sem tilefnislaus árás og skaðaverk,

e. að öllum kröfum Landsbanka Íslands á hendur gagnstefnendum um vexti og kostnað verði hafnað með dómi.

f. að gagnstefnandi G. J. fái sér tildæmd ómakslaun, 50.000 kr., miskabætur, 150.000 kr., skaðabætur, 450.000 kr., og málskostnað, 50.000 kr., og eðlilega vexti á alla dómkröfuna að mati dómara.

Af hálfu gagnstefnda var krafist frávísunar á gagnsök í málinu.

Málavextir og málsástæður.

Aðalsök.

Mál þetta var höfðað til greiðslu eftirstöðva skuldar samkvæmt skuldabréfi nr. 5163, út gefnu 30. janúar 1989, af Guðbrandi Jónssyni til Landsbanka Íslands, að fjárhæð 140.000 kr. Bréfið skyldi endurgreiða með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta skipti 5. maí 1989. Vextir skyldu vera breytilegir og hækka og lækka í samræmi við vaxtaákvæðanir Landsbanka Íslands á hverjum tíma, upphaflega 12% ársvextir. Vexti skyldi greiða eftir á á sömu gjalddögum og afborganir, og skyldu þeir reiknast frá útborgunardegi lánsins. Við höfuðstól skuldarinnar, 38.295,40 kr., er bætt vöxtum frá 5. september 1990 til 5. okt. 1990, 455 kr.

Stefndi Hjörleifur M. Jónsson tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að vegna vanskila og árangurslausra innheimtutilrauna sé skuldin skv. ákvæðum bréfsins öll í gjalddaga fallin. Um lagarök vísar stefnandi til XVII. kafla einkamálalaga. Dráttarvaxtakröfur eru rökstuddar með vísan til III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun er rökstudd með vísan til laga nr. 50/1988, þar sem lögmönnum sé gert

að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni, og tekið fram, að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Í greinargerð aðalstefnanda er ítrekað, að málið sé rekið samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga og aðrar varnir stefndu en lúta að greiðslu skuldarinnar komist ekki að í málinu.

Aðalstefndi Guðbrandur Jónsson fer með mál þetta fyrir sjálfan sig og bróður sinn, stefnda Hjörleif.

Í greinargerð aðalstefndu í aðalsök er krafist sýknu og því haldið fram, að sönnunargögn málsins séu lögeign annars aðila en aðalstefnanda og aðalstefnandi þar með ólöglegur handhafaaðili málsins. Það verði því hvorki löglega varið né sótt af aðalstefnanda eða aðalstefndu.

Gagnsök.

Í gagnstefnu er eftirfarandi tiltekið um málsástæður og önnur atvik:

Innheimtudeild Landsbanka Íslands hafi fengið í hendur tvö mál vegna gagnstefnanda Guðbrands árið 1990. Fyrra málið, nr. 11053, hafi farið til gjaldþrotameðferðar þrátt fyrir uppgert skuldabréf. Hitt málið, nr. 5163, sem nú sé fyrir dómi, hafi einnig verið gert upp það árið með 162.764 kr., en aðeins sé skráð á bréfið 158.674,80 kr. Þegar Landsbankinn hafi hafið innheimtu á annars manns skuld í nafni, nafnnúmeri og heimilisfangi gagnstefnanda Guðbrands, hafi hann séð ástæðu til að stöðva allar greiðslur til gagnstefnda af öryggisástæðum og rannsaka málið til hlítar. Gagnstefnandi Guðbrandur hafi ritað gagnstefnda bréf og óskað eftir myndriti skuldabréfa. Það svarbréf og skuldabréf í myndriti hafi gefið gagnstefnanda tilefni til að draga í efa rétta málsmeðferð gagnstefnda í viðskiptum aðila.

Frávísunarkrafa gagnstefnda var m. a. rökstudd með vísan til 4. mgr. 118. gr. einkamálalaga og 2. mgr. 28. gr. sömu laga og tekið fram, að greinargerð hefði áður verið lögð fram af hálfu aðalstefndu.

Gagnstefnandi mótmælti frávísunarkröfu gagnstefnda m. a. með vísan til 3. mgr. 28. gr. einkamálalaga, 99. og 100. gr. sömu laga og tók fram, að ekki lægi fyrir frávísunarkrafa í greinargerð.

Niðurstaða.

Þegar atvik málsins eru virt, þykir það ekki skipta máli við úrlausn þess, að krafa gagnstefnda um frávísun gagnsakar var sett fram án skriflegrar greinargerðar.

Krafa aðalstefnanda í aðalsök er krafa um greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi. Málið er höfðað samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga, og er það í samræmi við ákvæði í bréfinu, sem málið er af risið.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru ekki í samræmi við 4. mgr. 118.

gr. einkamálalaga, en þar eru tæmandi taldar þær gagnkröfur, sem heimilt er að hafa uppi í málum samkvæmt XVII. kafla einkamálalaga. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka kröfu gagnstefnda um frávísun gagnsakar til greina.

Ekki var gerð krafa um málskostnað í þessum þætti málsins.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gagnsök í máli þessu er vísað frá dómi.
